

BÖRKUR

Gróðurhús



Skilalýsing og leiðbeiningar
fyrir samsetningu

Börkur ehf

Njarðarnes 3-7, 603 Akureyri

Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogi

Yfirlit bæklinga

Magnskrá.....	2
Samsetning – skref.....	3
1. Festa hornstólpa við stafn.....	3
2. Klára samsetningu f. hliðar (3)(5) og stafna (1)(4).....	3
3. Setja upp þak.....	3
4. Skrúfa þykkingar framan á stafna, ganga frá skammbitum og fleygum undir þak.....	4
5. Olíumeðhöndlun	5
6. Glerjun.....	5
7. Gengið frá flasningum og kjöljárni	5


Skilalýsing

Allt timbur er ómáluð fura.

Gluggar eru, 55x115mm í úthring og 60x115mm í póstum.

Opnanlegt fag er 55x67mm, hurð er 55x115mm, hornstólpar eru 115x115mm.

Magnskrá



Fyrir samsetningu:

Lýsing	Magn
1. Stafn með hurð	1 stk
2. Hornstólpi	4 stk
3. Hlið án fags	1 stk
4. Stafn með fagi	1 stk
5. Hlið með fagi	1 stk
6. Þakeining	2 stk
7. Skambbiti	4 stk
8. Kjölbiti	1 stk
9. Flasningar	4 stk
10. Kjöljárn	1 stk

* Magn fer eftir stærð gróðurhús.

Aðrir hlutir sem fylgja fyrir frágang:

Lýsing	Magn
- Þykkingar framan á stafn	4 stk
- Vinklar fyrir þak-gler	4-10 stk
- Gler	* 22-34 stk
- Glerlistar	* 88-136 stk
- Glerjunarborðar	
- Gerlistaborðar	
- 6.0 x 100 mm tréskrúfur	
-	

Samsetning – skref

- *Látið fagmann um uppsetningu.*
- *Athugið að þetta eru aðeins meðmæli frá framleiðanda.*
- *Hafa skal teikningar við höndina.*

1. Festa hornstólpa við stafn

- Nr. 1 og 2 í magnskrá.
- Kítta samskeiti (t.d. Soudaflec FC 40).
- Nota þvingur til að stilla hornstólpa (2) við stafn (1).
- Stilla hæðina þannig að hornstólpi og stafn mætist rétt.
- Skrúfa saman (6,0 x 100 mm tréskrúfur).
 - Skrúfað í gegnum fals.

2. Klára samsetningu f. hliðar (3)(5) og stafna (1)(4)

- Nr. 1, 2, 3 og 4 í magnskrá.
- Sama aðferð og í skrefi 1.



3. Setja upp þak

- Nr. 6 og 8 í magnskrá.
- Mælum með að lágmarki 4 manns komi þaki fyrir.
- Þakeiningum (6) lyft og stillt af þannig að þær gangi jafnt fram yfir stafna (1)(4) báðu megin (17-20 mm).
- Þvinga fasta á réttum stað.
- Koma kjölbita (8) fyrir.
 - Þvinga kjölbita (8) réttan við aðra þakeiningu (6).
 - Kubbar sem skornir eru í gráður fylgja með til að auðvelda þvingun.
 - Kjölbiti skrúfaður fastur í gegnum fals á þakeiningu.
 - Endurtekið fyrir hina þakeininguna.
- Skrúfa þakeiningar fastar við stafna og hliðar hússins.



4. Skrúfa þykkingar framan á stafna, ganga frá skammbitum og fleygum undir þak.

- Festa þykkingar framan á stafna, fara utan á þakeiningar.
- Stilla rétt með þvingum og skrúfa fastar.
- Stilla skammbitum jafnt á móti hvorum öðrum.
- Þinga fasta á réttum stað.
- Bora í gegn fyrir borðaboltum.
- Festa með borðaboltum.
- Skrúfa fasta fleyga sem koma undir þak og ofan á hliðar.
- Einn langur biti sem gengur þvert yfir hlið.




5. Olíumeðhöndlun eða málun


- Allur viður skal olíuborinn með eða því sem næst litlausri olíu/fúavörn.
 - o Ekki er mælt með að nota olíu sem myndar húð.
- Ef á að mála er mikilvægt að grunna fyrst.

6. Glerjun

- Glerjunarborðar eru settir í fals að innanverðu allveg á innbrún glugga.
- Sílikon kítir er síðan sprautað að glerjunarborðum falsmegin við borðann. Gæta skal þess að setja hæfilegt magn.
- Sérstakir plastklossar sem taka upp skáa að neðan eru síðan lagðir í fals að neðanverðu. (Þessa plastklossa koma með glerinu).
- Gler er sett í gluggann og pressað hæfilega í falsið. Undirlisti er settur, síðan hæðarlistar og svo loks yfirlisti sem gengur á milli hæðarlista.
- Best er að festa listana með kopar skrufum 4.0 x 35 eða hefta með rúsfríum nöglum A-4. Gæta skal þess að gera þetta með það þétu millibili að glerið fái jafna pressu í kítinu.
 - o Við notum TF-16, 32mm rústfría nagla til að skjóta í glerlistana.
 - o Einnig er hægt að nota A4 ryðfríar skrufur (3,5 x 35 mm hálfkúptar).
 - o Það á að vera 15-18 cm bil á milli nagla og fyrsti nagli 5 cm frá hornum.
 - o Innri glerjunarborðar eru 3x9m



7. Gengið frá flasningum og kjöljárni



Undirstöður.

- Skal vera ákveðið af fagmanni á staðnum.